

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 4. janúar 2021 til íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breyttu hverfisskipulagi fyrir Árbæ er varðar lóðirnar nr. 7-9 við Rofabæ birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á morgunn, þriðjudaginn 5. janúar 2021. Tillagan er í kynningu frá 5. janúar 2021 til og með 16. febrúar 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/rofabaer-7-9>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á hverfisskipulagi í Reykjavík.

Rofabær 7-9

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. desember 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. desember 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Árbæ skilmálaeiningu 7-2-4 vegna lóðarinnar nr. 7-9 við Rofabæ. Í breytingunni felst breyting á byggingarreit lóðarinnar ásamt því að uppskipting kjallara í bílakjallara og önnur rými er tekin út og texti um spennistöðvar við nýbyggingu er tekinn út. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14, 1.** hæð, virka daga kl. 8:20 - 16:15 frá **5. janúar 2021 til og með 16. febrúar 2021.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. febrúar 2021.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is